

Fundargerð 10. fundar ferðamálaráðs
21. ágúst 2007

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir (SK), formaður, Einar Karl Haraldsson (EKH), varaformaður, Dagur B. Eggertsson (DBE), Gunnar Sigurðsson (GS), Jón Ásbergsson (JÁ), Pétur Rafnsson (PR), Sævar Skaptason (SS), Magnús Oddsson (MO), Helga Haraldsdóttir (HH) og Sigurður Unnar Einvarðsson (SUE) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð 9. fundar ferðamálaráðs -
2. Drög að tillögum ferðamálaráðs til mótvægisáðgerða á sviði ferðaþjónustunnar
3. Önnur mál

Gögnum dreift:

1. Fundargerð 9. fundar ferðamálaráðs.
2. Drög að tillögum ferðamálaráðs til samgönguráðherra um áherslur í ferðamálum.

1. Fundargerð 9. fundar ferðamálaráðs lögð fyrir fundinn.

Fundargerð 9. fundar ferðamálaráðs var lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

2. Drög að tillögum ferðamálaráðs til mótvægisáðgerða á sviði ferðaþjónustunnar kynnt og rædd

Formaður ferðamálaráðs kynnti drög að tillögum ferðamálaráðs sem tekin höfðu verið saman úr tillögum og ábendingum ráðsmanna, ferðamálastjóra og skrifstofustjóra ferðamála. Þá var einnig stuttlega farið yfir bakgrunn þessara tillagna og hvaða farveg tillögunar myndu fara í eftir samþykkt ferðamálaráðs.

Drögin voru rædd og allir ráðsmenn gerðu grein fyrir viðhorfum sínum og mati á tillögunum.

Fundarmenn voru sammála um að áætlaður kostnaður aðgerðanna væri raunsær og lögðu áherslu á að æskilegt væri að tillögurnar kæmu aftur á borð til ferðamálaráðs til forgangsröðunar ef ekki fengist nægjanlegt fjármagn til allra verkefna.

Fundarmenn voru sammála um mikilvægi menntamála ferðaþjónustunnar í tillögum til mótvægisáðgerða og einnig að huga bæri sérstaklega að gæðamálum greinarinnar. Ákveðið var að senda fulltrúum tillögunar rafrænt svo þær megi afgreiða á milli funda.

3. Önnur mál

Í lok fundar samþykktu fundarmenn að gerð yrði breyting á reglulegum fundartíma ráðsins. Hér eftir yrði fundað fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 8:15 í samgönguráðuneytinu.

Þá var einnig ákveðið að á næsta fundi ráðsins yrði fjallað um kosti og galla mögulegrar gjaldtöku af ferðamönnum á vinsælustu ferðamannastöðum landsins og tók SUE að sér að senda ráðsmönnum þau gögn sem til eru um málið.